

**3443. fundur bæjarráðs, haldinn í fjarfundi,
10. desember 2020 og hófst hann kl. 08:15.**

Fundinn sátu:

Elsa Lára Arnardóttir formaður, Valgarður L. Jónsson varaformaður, Rakel Óskarsdóttir aðalmaður, Sævar Freyr Þránínsson bæjarstjóri og Steinar Dagur Adolfsson sviðsstjóri stjórnsýslu- og fjármálasviðs.

Fundargerð ritaði: Steinar Adolfsson, sviðsstjóri.

Fundurinn fer fram í fjarfundi og í lok fundar samþykkja fundarmenn fundargerðina með rafrænum hætti.

Fyrir tekið:

1. 2010228 - Höfði - fjárhagsáætlun 2021-2024

Fjárhagsáætlun Höfða, hjúkrunar- og dvalarheimilis fyrir árin 2020-2023.

Bæjarráð samþykkir að vísa fjárhagsáætlun Höfða vegna ársins 2021 og þriggja ára áætlun vegna áráanna 2022 til og með 2024 til bæjarstjórnar til samþykktar.

Samþykkt 2:0, RÓ situr hjá við afgreiðslu málsins.

2. 2010230 - Fjárfestinga- og framkvæmdaáætlun 2021-2024

Áframhaldandi vinna við fjárfestinga- og framkvæmdaáætlun 2021-2024 milli umræðna.

Bæjarráð samþykkir að vísa fjárfestinga- og framkvæmdaáætlunar ársins 2021 og þriggja ára áætlun vegna áráanna 2022 til og með 2024 til síðari umræðu í bæjarstjórn Akraness sem fram fer þriðjudaginn 15. desember næstkomandi.

Samþykkt 2:0, RÓ situr hjá við afgreiðslu málsins.

3. 2009162 - Fjárhagsáætlun 2021 og þriggja ára áætlun vegna tímabilsins 2022-2024

Áframhaldandi vinna við fjárhagsáætlun 2021-2024 á milli umræðana.

Bæjarráð samþykkir að vísa fjárhagsáætlun ársins 2021 og þriggja ára áætlun vegna áráanna 2022 til og með 2024 ásamt tillögum sem meðfylgjandi eru áætluninni til síðari umræðu í bæjarstjórn Akraness sem fram fer þriðjudaginn 15. desember næstkomandi.

Samþykkt 2:0, RÓ situr hjá.

4. 1911114 - Þorpið- framtíðarsýn

Skóla- og frístundaráð samþykkti á fundi sínum 8. desember 2020 tillögu að breyttu skipuriti Þorpsins og vísar því umfjöllunar í bæjarráði.

Friðbjörg Eyrún Sigvaldadóttir verkefnastjóri á skóla- og frístundasviði kemur inn á fundinn undir þessum lið.

Bæjarráð samþykkir fyrirliggjandi skipurit starfsemi Þorpsins en því fylgja ekki aukaútgjöld miðað við fyrirliggjandi áætlun sem er til umfjöllunar hjá bæjarstjórn Akranes þann 15. desember nk.

Samþykkt 3:0

Friðbjörg Eyrún Sigvaldadóttir verkefnastjóri vikur af fundi.

5. 2001243 - Endurgreiðsluhlutfall vegna réttindasafns Lífeyrissjóðs Akraneskaupstaðar

Jóhann Þórðarson endurskoðandi kemur inn á fundinn undir þessum lið.

Lagt fram.

Gerð ráð fyrir frekari umfjöllun um málið á aukafundi með öllum bæjarfulltrúm fimmtudaginn 17. desember næstkomandi.

Jóhann Þórðarson vikur af fundi.

6. 2012071 - Beykiskógar 19 - umsókn um byggingarlóð

Umsókn A1 málun alhliða málingar ehf. um byggingarlóð við Beykiskóga 19. Umsóknargjald hefur verið greitt og því umsókn tæk til afgreiðslu.

Bæjarráð samþykkir úthlutun byggingarlóðarinnar til umsækjanda.

Samþykkt 3:0

7. 2009073 - Kirkjuhvoll - leigusamningur

Leigusamningur Akraneskaupstaðar og Stay West ehf. um Kirkjuhvol rennur út 28.02. 2021. Vilji leigutaka stendur til áfámhaldandi leigu.

Bæjarráð samþykkir framlengingu leigusamnings aðila samkvæmt fyrirbyggjandi viðauka og felur bæjarstjóra frágang málsins með undirritun.

Samþykkt 3:0

8. 2012022 - Hagstofan - Manntal og húsnæðistal

Manntal og húsnæðistal Hagstofu Íslands.

Lagt fram.

Bæjarráð felur bæjarstjóra frekari úrvinnslu málsins.

Samþykkt 3:0

9. 2012120 - Slökkvilið á höfuðborgarsvæðinu - uppsögn á samningi um gagnkvæma aðstoð vegna útkalla

Uppsögn Slökkviliðsins á höfuðborgarsvæðinu á samningi um gagnkvæma aðstoð vegna útkalla.

Lagt fram.

Bæjarráð felur bæjarstjóra frekari úrvinnslu málsins og kemur það til afgreiðslu bæjarráðs á síðari stigum.

Samþykkt 3:0

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 09:50.